

# Siglingaráð

## 17. fundur

Dags.: 20. júní 2019, kl. 11:00 til 13:00 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

**Mættir:** Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Björgvin Fjeldsted (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Guðný Hrund Karlsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Snorre Greil (Landhelgisgæsla Íslands), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

**Forföll:** Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnamanna), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknimanna), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands).

### Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerðir 15. og 16. fundar Siglingaráðs. (Áp sendi í tölvupósti)
3. Minnisblað vegna innleiðingar ILO 188.

### Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn. Upplýst var að GHK hlýddi á fundinn í gegnum síma frá Hvammstanga.

1. Fundargerðir 15. og 16. fundar voru samþykktar. Áp ítrekaði að fundargerðir Siglingaráðs væru opinber gögn.
2. Styrkir til hugvitsmanna. Komið var á sérstökum vinnuhóp (HSS, GHK og GHB) sem fjallar um og afgreiðir umsóknirnar sem bárust. HSS leiðir hópinn sem mun vinna að umsögn til ráðsins.
3. Ráðstefna Siglingaráðs 26. september. Undirbúningur hefur gengið vel og dagskráin nánast tilbúin. Eftir er að fá staðfestingu frá einum fyrirlesara. Samgöngustofa annast kynningarmál í samráði við undirbúningsnefndina. Ákveðið var að heiti ráðstefnu verði „Konur til sjós“ en undirtitill verði þýðing á enska heitinu tam. „Eflum þátttöku kvenna í sjómennsku“.
4. Innleiðing ILO 188. Unnið er að innleiðingu á samningi Alþjóða vinnuálagastofnunarinnar um vinnuskilyrði fiskimanna. Siglingaráð er mikilvægur þátttakandi í samráði innleiðingarinnar. BF fór í gegnum minnisblað vegna innleiðingar ILO 188 (framlagt gagn nr. 3). Tilgangur með ILO 188 er að bæta öryggi og heilsu fiskimanna. Helstu breytingar frá núverandi íslenskum kröfum eru:
  - a. Krafa um heilbrigðisvottorð fiskimanna sem endurnýja ber á 2ja ára fresti
  - b. Breytingar á aldurslágmarki og skilgreiningar þeim störfum sem ungmenni mega sinna.
  - c. Ítarlegri kröfur um vistarverur skipverja í svefnrymum fiskiskipa, gólfllöt, rúmbreidd o.fl. Í umræðu um heilbrigðisvottorð kom fram að ferlið hjá Samgöngustofu varðandi læknisvottorð fyrir STCW réttindaskírteini farmanna væri samkvæmt leiðbeiningum IMO og gerð krafa um vottorð frá viðurkenndum sjólæknum enda er stofnunin á hvítlista IMO. Yfirmenn fiskiskipa hafa gengist undir „staðlaðar“ lækni skoðanir „viðurkenndra“ lækna í tengslum við útgáfu réttindaskírteina samkvæmt leiðbeiningum Samgöngustofu en krafa um heilbrigðisvottorð undirmanna til starfa í fiskiskipum er ný.

Fjallað var um vinnu ungmenna undir 18 ára aldri í fiskiskipum en samkvæmt meginreglum mega þau ekki vinna hættuleg störf eða næturvinnu. Miðað við þessar kröfur eru fá störf í boði fyrir ungmennin sem er ekki gott fyrir nýliðun fiskimanna á stærri og minni skipum. Margir starfandi sjómenn hafa byrjað mjög ungir til sjós enda var hefð fyrir því bæði í sjávarútvegi og landbúnaði. Í tengslum við innleiðingu þessara krafna þarf að skilgreina nákvæmlega hvaða störf teljast hættuleg í fiskiskipum. Leitað verður gagna um slys á ungmendum til RNSA og Sjúkra, auk þess mun Samgöngustofa sækja upplýsingar í lögskráningarkerfið um fjölda ungmenna á sjó síðustu ár. Litið er á umræðuna á fundinum sem fyrsta skref í samráðsferli innleiðingarinnar. Ráðsmenn

kynna sér minnisblaðið og senda ráðuneytinu ábendingar um fyrrgreind atriði (bjorgvin.fjeldsted@srn.is).

5. Önnur mál

- a. Stutt umræða var um rafræn skírteini. Formleg vinna er ekki hafin en útgáfa rafrænna skírteina verður möguleg í Skútunni þegar fram líða stundir.
- b. ÁP minnti á verkefnið orkuskipti í samgöngum og samstarfsvettvanginn Grænu orkuna en þar er vinnuhópur sem fjallar um orkuskipti í höfnum og skipum. ÁP sagði að óskað verði eftir þátttöku fulltrúa í Siglingaráði. AH bauð sig fram.
- c. HSS sagði frá niðurstöðu IMSAS úttektarinnar sem snéri ekki eingöngu að Samgöngustofu heldur fleiri stofnunum þ.a.m. Umhverfisstofnun og Landhelgisgæslunni. Töluverðar athugasemdir voru gerðar. Í skýrslunni var hrósað fyrir jákvæðni og vilja starfsmanna stofnana til að gera betur og lagfæra, einnig fyrir að reyna ekki að fela það sem ábótavant er. Nokkuð mörg frávík voru og gerðar voru athugasemdir er varða skjalfestingu á samskiptum aðila sem koma að siglingum á Íslandi, ekki nægilega formleg. Stofnanir virðast ekki vera að vakta eða fylgjast nógu vel með breytingum á regluverki IMO og ILO, nýjum tilskipunum. Við þurfum að taka okkur á varðandi innleiðingu breytinga og eftirfylgni með að rétt sé staðið að framkvæmdinni. Vinnan framundan að skoða öll frávikin og gera úrbætur. IMSAS úttektir verða svo á 7 ára fresti.
- d. HSS upplýsti að vinnuhópur Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Landhelgisgæslunnar hafi fjallað um landtöku skemmtiferðaskipa utan hafnasvæða og skoðað hvaða kröfur væri hægt að gera varðandi málið. Komnar eru á blað leiðbeiningar sem ætlunin er að setja í reglugerð. Gerð verður krafa um sækja þurfi um sérstakt leyfi til að fara á bátum í hafnir eða aðra staði við landið. Vinnuhópurinn mun halda áfram þessari vinnu með ráðuneytunum.
- e. Upplýst var að ný reglugerð um farþegabáta væri ennþá í vinnslu hjá ráðuneytinu.
- f. GHB sagði frá símafundi þeirra Snæfríðar, Verkís og tengiliða Drangeyjar SK 2 varðandi öryggishandbókina og upplýsti einnig að byrjað væri að vinna í handbókinni með öryggisstjóra og áhöfn Valdimars GK.
- g. Upplýst var að Jón Gunnar Jónsson hafi verið ráðinn forstjóri Samgöngustofu, hann kemur frá Actavis. HSS er starfandi forstjóri þar til hann tekur til starfa.
- h. Formaður þakkaði Guðný Hrund Karlsdóttur fyrir vel unnið starf en hún er að láta af störfum sem sveitarstjóri. Óskar Siglingaráð henni velfarnaðar á nýjum vettvangi.

6. Næsti fundur verður fimmtudaginn 5.september kl. 11. í Samgöngustofu. ÁP boðar í tölvupósti.

IV (ÁP) ritaða fundargerð.